

Nr. 17-147 S 111 Bjargey ÍS 41**Reykur í vélarými**

Skipaskr.nr. 2019
Útgerð: Sjavareldi ehf.
Smíðaður: Vélsmiðja Seyðisfjarðar
Stærð: 23,40 bt. 14,45 brl.
Mesta lengd: 14,84 m Skráð lengd: 14,46 m
Breidd: 3,61 m Dýpt: 1,90 m
Vél: Caterpillar, 175 kw, 1999.
Fjöldi skipverja: 2



Bjargey © Grétar Þor Sæþórsson

Gögn:

Lögregluskýsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. mars 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómáli.

Atvikalýsing:

Þann 20. september 2017 var Bergey ÍS 41 við bryggju á Ísafirði. Veður NA 20 m/s á Straumnesvíta.

Þegar skipverjar voru að landa úr bátnum urðu þeir varir við reyk sem lagði frá vélarúminu sem þeir brugðust við því með að loka því. Síðar kom í ljós að sjálfvirkur slökkvikerfi, af gerðinni Aerosol MK 4, hafði farið í gang en aðeins annað af tveimur slökkvihylkjum hafði hleypt af.

Við rannsókn kom fram:

- að í ljós kom að skemmd var í rafmagnskapli sem talin er orsök fyrir því að slökkvihylkið hleypti af (*sjá mynd*);
- að slökkvikerfið var án athugasemda við síðustu búnaðarskoðun;
- að engar dagsetningar voru á slökkvihylkjunum en líftími á þeim sem eru seld í dag er fimmtán ár og eru þau merkt með endingartíma;
- að fyrirtækið sem seldi þennan slökkvibúnað var starfandi frá 2002 til 2009;
- að settur var upp nýr búnaður í vélarúmið eftir atvikið.



Aerosol MK 4

Nefndarálit:

Orsök atviksins var skemmd í rafmagnskapli.